

Nágrannavarsla

Háaleiti og Bústaðhverfi



Þjónustumiðstöð
Laugardals & Háaleitis

Nágrannavarsla:

- Meginmarkmið nágrannavörslu er að halda afbrotum frá viðkomandi götu eða hverfi með forvörnum.
- Íbúar taka höndum saman til að hindra innbrot og eignatjón.
- Þannig mynda íbúar öruggara og ánægjulegra nágrenni.
- Verkefnið er góð leið til að efla tengsl og samheldni í götunni/hverfinu.

Í hverju felst nágrannavarsla?

Að hver og einn hugi vel að forvörnum á sínu eigin heimili og verði líka augu og eyru fyrir granna sína

- Huga að lýsingu við húsnæðið og í götunni.
- Hafa útiljós kveikt.
- Loka vel gluggum og útihurðum.
- Geyma ekki stiga eða verkfæri á lóðinni.
- Hafa svala- og garðhurðir læstar og með krækjum.
- Læsa þegar dvalið er í garðinum/baklóðum.

Góður granni

Nokkur dæmi um það sem góður granni getur gert:

- Hefur auga með grunsamlegum bíla- og mannaferðum.
- Fylgist með að póstur safnist ekki upp í bréfalúgu.
- Setur sorp í ruslatunnu nágrannans.
- Leggur bíl í heimreið.
- Dregur frá/fyrir gluggatjöld.
- Kveikir og slekkur ljós.
- Slær blettinn/mokar snjó ef fjarvera er langvarandi.
- Tekur vel eftir grunsamlegri hegðun, skráir bíla og annað sem íbúi telur að geti gagnast lögreglu.

Hvernig ber maður sig að?

- Meirihluti íbúa í götunni samþykkja þátttökubeiðni (75-80%).
- Íbúar boðaðir á kynningarfund með lögreglu og einum fulltrúa frá hverju heimili.
- Kosin er götustjóri sem er tengiliður við þjónustumiðstöð.
- Sett eru upp skilti í götunni og límmiðar í glugga (sýnileiki).
- Íbúar mynda samstöðu í forvörnum